

Nd.

765. Lög

um breyting á lögum nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí).

1. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum innan sýslu. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar og húseignar í kaupúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefir verið af löndum og lóðum.

Þegar ákveðinn er vegaskattur, skal miðað við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur, samkvæmt 8. gr. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

2. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Vegaskatt er hreppsfélagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði að nokkru eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og sé tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun

þangað til fundarsamþykktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd skattinum niður með útsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga. Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaup-túni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegaskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því, sem hann er ákveðinn að lögum. — Gjald þetta hefir lögtaksrétt.

3. gr.

8. gr. laganna skal orða svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkv. síðari málgr. 5. gr. en svarar 2‰ af fasteignaverði landa og lóða og 1‰ af fasteignaverði húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2‰—4‰ af land- og lóðaverði og 1‰—2‰ af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði, en móts við það, sem umfram er, greiðist tvöfalt úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 28 31. maí 1927.

5. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði, og gefa þau út svo breytt.